



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 20. apríl 2020

Efni: Umsögn SI um frumvarp til laga um Orkusjóð, 639. mál

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til tölvupósts frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 21. mars sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Orkusjóð, 639. mál. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, nánar tiltekið í 5. kafla, komu SI á framfæri athugasemdum samtakanna um drög að fyrirbyggjandi frumvarpi þegar málið var kynnt inni á Samráðsgátt Stjórnarráðsins. Laut umsögn SI að árlegri birtingu skýrslu um starfsemi sjóðsins.

Í umfjöllun um athugasemd SI í frumvarpinu segir að heppilegra er að fjalla ítarlega um innihald og framsetningu árlegra upplýsinga um starfsemi sjóðsins í reglugerð heldur en í lögum og því muni athugasemd samtakanna höfð til hliðsjónar við uppfærslu á reglugerð nr. 185/2016, um Orkusjóð.

Hvað þetta varðar ítreka SI umfjöllun samtakanna í tilvísaðri umsögn um mikilvægi þess að auka gagnsæi í stjórnáskilningu og skerpa þannig á ákvæði laga um að Orkusjóður birti opinberlega árlega skýrslu um starfsemi sjóðsins og úthlutun styrkja til verkefna. Vísast hér m.a. til framkvæmdar Enova í Noregi, sem á ríka samsvörun við starfsemi Orkusjóðs, þar sem sá sjóður gefur út árlega greinargóða skýrslu um starfsemi þess sjóðs, áherslur hans og úthlutun styrkja svo dæmi séu tekin, en slíka skýrslu má nálgast á eftirfarandi vefslóð: <https://www.enova.no/about-enova/>. Eins og fyrr segir myndi slíkt ákvæði um opinbera skýrslugjöf tryggja gagnsæi í stjórnáskilningu sem og faglega umfjöllun um verkefni og starfsemi Orkusjóðs.

Því áréttu SI að vel fari á því að kveða á um í lögum um skyldu Orkusjóðs til að birta opinberlega skýrslu um starfsemi sjóðsins þó svo að í reglugerð verði nánar útfærð framsetning og innihald slíkrar skýrslugjafar. Með því að lögfesta slíka skyldu er því verið að auka gagnsæi í stjórnáskilningu og auka aðhald með opinberum styrkjum sem samtökin telja mikilvægt.

Í ljósi þessa ítreka SI þá athugasemd samtakanna um að í lögum verði kveðið á um árlega skýrslugjöf Orkusjóðs um starfsemi sjóðsins og úthlutun styrkja til verkefna.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp til laga. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

Lára M. K. Ólafsson,
viðskiptastjóri á framleiðsluviði